



Garðabæ, 8. desember 2016.

Berist bæjarstjóra Gunnari Einarssyni

Varðandi lokafrágang við lyftuanddyri við Jötunheima Bæjarbraut 7.

Nú er að ljúka framkvæmdum við lyftuanddyrið við Jötunheima, en þær hófust í lok júlí. Verkinu hefur miðað ágætlega og nú á lokametrunum erum við að sjá endanlega fjárhagsniðurstöðu verksins. Unnið var út frá kostnaðaráætlun sem okkar arkitekta- og verkfræðistofa gerði í desember 2015 og hljóðaði heildaráætlun upp á kr. 12,7 milljónir.

Því miður er komið í ljós að verkið hefur farið verulega fram úr kostnaðaráætlun og hafa flest allir reynst okkur kostnaðarsamari.

Margvíslegar skýringar eru þar á, t.d. kom í ljós þegar bláa bárujárnið var rifið frá að bitarnir á bakvið voru ekki eins og talið var og því þurfti að breyta teikningum og fá síðan járnsmiðju til að smíða og sjóða tengingar þar á milli. Allar tengingar við þakið og útveggi voru því verulega tímafrekari en áætlað var.

Ýmiss efniskostnaður var einnig hærri og t.d. kom í ljós þegar við þurftum pípulagningarmann, þá var kostnaður vegna pípulagna var ekki í kostnaðaráætlun og þar kom því inn nýr liður.

Verktakarnir okkar hafa allir unnið virkilega vel og upp er risin vönduð viðbygging, en þetta hefur allt reynst okkur dýrara en okkur grunaði miðað við þessa áætlun sem lagt var af stað með.

Nú þegar höfum við sett í framkvæmdina 13.389.150 og við eigum eftir að fá síðustu reikningana í hús, en samkvæmt meðfylgjandi yfirliti sést að það nálgast fimm milljónir.

Það sem er eftir að gera:

Helluleggja við anddyrið þannig að hægt sé að keyra hjólastóla alveg inn um hurðina, en í dag er töluverður hæðarmunur. Pípari á eftir að tengja ofna og rafvirki á eftir að færa stýringar fyrir innbrotakerfi.

Því miður hafa þessir kostnaðarliðir ásamt lekaviðgerðum á húsinu í vor sett alla okkar fjárhagstöðu í verulegt uppnám. Til að kljúfa þessa stöðu og ljúka verkinu óskum við eftir aðstoð bæjaryfirvalda að upphæð fjórar og hálfa milljón króna.

Með kveðjum f.h. Húsnefndar Jötunheima,

Björn Hilmarsson.



Yfirlit og staða lyftuanddyris við Jötunheima á Bæjarbraut

Garðabæ, 8. desember 2016

Greiddir reikningar:	Dagsetning Skýring	Upphæð
Klöpp-arkitektar	3.jún.16 Teikningar o.fl.	576.616
Delta - rafteikningar	31.8.2016 Rafmagnsteikningar	63.810
Íslandslyftur - innb.	20.7.2016 innborgun 15%	471.375
Íslandslyftur	16.9.2016 Greidd lyftan	2.199.749
Hnullungur - gröftur	16.9.2016 Grafa/bílar og efni	487.320
JH Trésmiðir	31.8.2016 Vinna og efni	1.100.357
JH Trésmiðir	10.10.2016 Vinna og efni	2.114.167
JH Trésmiðir	11.10.2016 Vinna og efni	4.779.737
Múrarakinn - innborgun	innborgun v/efnis	500.000
Múrarakinn - innborgun	innborgun v/efnis o.fl.	750.000
Íslandslyftur - uppsetning	30.11.2016 Uppsetning á lyftunni	345.974
Samtals		13.389.105

Ókomnir reikningar:	Skýring	Upphæð
JH Trésmiðir - klæðning að utan og frág.	Reikningur ókominn	1.655.708
Blikksmiðja - frágangur v/pak og þakkant	Áætlun	300.000
Múrarakinn - spörsun, málning og flísalögn	Reikningur ókominn	1.393.312
Rafvirki - raflögn og tengingar	Áætlun	500.000
Hellulögn	Áætlun	500.000
Pípari	Áætlun	400.000
Samtals ógreitt		4.749.020

Heildarkostnaður við lyftuhús og frágang	18.138.125
---	-------------------

Greiðslur frá Garðabæ skv. samningi:

Garðabæ	23.9.2016	5.500.000
Garðabæ	21.10.2016	3.500.000
Garðabæ	18.11.2016	2.000.000
Garðabæ	18.11.2016	1.500.000
Samtals		12.500.000

Fyrir utan þessar framkvæmdir var Vífill fyrr á árinu búinn að leggja út fyrir viðgerðum vegna mikilla lekaskemmda:

Leki Jötunheimar

Reikningur v/viðgerða	7.3.2016	643.272
Reikningur v/viðgerða	15.3.2016	765.654
Reikningur v/viðgerða	30.3.2016	1.238.905
Samtals		2.647.831